

ALDUR
9-12

Aðalnámskrá

Í þessari námskrá eru tillögur að verkefnum sem eru sniðin að því að kynna viðfangsefni sem snerta flóttafólks á þann hátt að það henti þessum aldurshópi.

Í þessum aldurshópi geturðu gert ráð fyrir að börn geti einbeitt sér í um það bil klukkutíma í senn að tilteknu viðfangsefni. Lestur og ritun koma oft við sögu í verkefnunum, en þau snúast að mestu um samskipti milli jafningja og við kennarana.

Þetta kennsluefni gefur nemendum og kennurum tækifæri til að skapa í sameiningu öruggt umhverfi í kennslustofunni þar sem ólíkir einstaklingar koma saman í sátt og samlyndi.

Börnin eru hvött til að hugsa um eigin reynslu og tengja hana við þau viðfangsefni sem eru til umfjöllunar. Þau eru einnig hvött til þess að vinna saman tvö og tvö eða í hópum og hlusta á og taka mark á sjónarmiðum annarra.

ÁÐUR EN HAFIST ER HANDA

Leiðbeiningar um þátttöku flóttafólks, umsækjenda um alþjóðlega vernd og farandfólks í skipulagningu kennslustunda.



Áður en þú tekur að þér kennslu sem fjallar um flóttamenn, umsækjendur um alþjóðlega vernd eða farandfólk er gott að gefa sér tíma og hugsa um nemendur sem eru í bekknum. Eru einhver með stöðu flóttafólks, í ferli að sækja um alþjóðlega vernd eða eru jafnvel einhver sem eru ríkisfangslaus? Ef svo er, væri skynsamlegt að tala við viðkomandi nemendur og foreldra þeirra um verkefnin sem eru fram undan. Þetta fer að sjálfsögðu eftir aldri nemendanna.

Ef mögulegt er skaltu nota hugmyndir og endurgjöf frá foreldrum og nemendum og vísa í þau til að svara spurningum, þó aðeins að því gefnu að þau hafi tekið það skýrt fram að þau hafi áhuga á að svara spurningum eða ræða um þessi mál.

Ríkisfangslausir einstaklingar hafa ekki formlegt ríkisfang í neinu landi. Ríkisfangsleysi getur komið fram í mörgum mismunandi aðstæðum. Til dæmis eru sumir þjóðernis- eða trúarhópar ekki viðurkenndir

samkvæmt landslögum sem ríkisborgara þess lands, sum börn eru fædd utan þess lands þar sem foreldrar þeirra eru ríkisborgarar og geta hvorki öðlast ríkisborgararétt í því landi þar sem þau fæddust né í landi foreldrar sinna.

Sum lönd eru með lög sem banna barni að erfa ríkisfang móður sinnar við fæðingu. Ríkisfangslausir einstaklingar eiga oft í erfiðleikum með að fá aðgang að grundvallarréttindum svo sem menntun, heilbrigðisþjónustu, atvinnu og ferðafrelsi. Án þessara réttinda er viðbúið að fólk upplifi ýmiskonar hindranir og erfiðleika.

Farið varlega í að nota orð eins og „land“ og „þjóðerni“ ef það eru ríkisfangslausir nemendur í bekknum. Í staðinn er hægt að nota orðin „heimili þitt“ eða „menning þín.“

YFIRLIT

Þetta námsefni skiptist í þrjá hluta:

1. Að fagna fjölbreytileika

Þessi hluti kynnir mismunandi menningu alls staðar að úr heiminum fyrir nemendum og hvetur börnin til að kynna sér og leika sér með þær hugmyndir, leiki, tónlist, kveðjur og mat sem tilheyra þessum menningarheimum. Nemendur eru hvattir til að bera saman og fagna bæði því sem er sameiginlegt með okkur og því sem er ólíkt.

Námsmarkmið

Að nemendur skilji að fólk um allan heim notar mismunandi leiðir til að eiga samskipti og tjá sig.

Að nemendur skilji að það sem skilur okkur að frá öðrum er það sem gerir heiminn svona fjölbreyttan og skemmtilegan.

Að nemendur kanni, uppgötvi og ræði menningarlegan margbreytileika í eigin umhverfi.

2. Að skilja nemendur sem eru nýir í bekknum

Þessi hluti fjallar um upplifun nýrra nemenda í bekknum. Nemendur fá að kynnast því hvernig það er að læra nýtt tungumál, að spila nýja leiki, að eignast nýja vini og upplifa skólalag sem nýr nemandi.

Námsmarkmið

Að nemendur skilji að þegar nemendur byrja í nýjum skóla getur það verið bæði ógnvænleg og spennandi upplifun.

Að efla samkennd gagnvart nýjum nemendum í bekknum.

3. Að skapa friðsælt umhverfi

Í þessum hluta eru nemendur hvattir til að þróa og fylgja hegðunarreglum til að viðhalda friði í kennslustofunni. Þessi hluti á að fá nemendur til að hugsa um sína eigin hegðun og hvernig hún hefur áhrif á aðra í bekknum, ásamt því að ýta undir jákvæða hegðun bæði hjá sér og hjá öðrum.

Námsmarkmið

Að skilja ólíkar tilfinningar sem koma upp daglega í kennslustofunni.

Að skilja hvernig ólíkar tilfinningar geta kallað á mismunandi viðbrögð.

Að nemendur skilji hvernig hægt er að vinna saman í að gera upplifunina í kennslustofunni skemmtilegri og ánægjulegri fyrir alla.



MIÐSTIG

1. Leikir til að hjálpa nemendum að læra um og fagna fjölbreytileika og ólíkum menningarheimum og löndum

Þetta er tækifæri fyrir nemendur til að vikka sjóndeildarhringinn og uppgötva þann fjölbreytileika sem finnst í mismunandi menningarheimum og löndum. Þetta er kjörið tækifæri til að tala við foreldra nemenda sem koma frá mismunandi stöðum og spyrja hvort þeir vilji taka þátt með því að kynna sína menningu fyrir bekknum og taka þátt í leikjunum sem er lýst hér

fyrir neðan. Í þessum verkefnum er möguleiki að skipta út einu landi eða menningarheimi fyrir menningu þeirra foreldra sem vilja og hafa tíma til að vinna með þér. Gefðu þér tíma til að ganga úr skugga um að foreldrarnir séu sáttir við að þú kennir þetta efni og bjóddu þeim jafnframt að taka þátt í kennslustundunum.

1.1 Mismunandi leiðir til að heilsa

Reglan í þessum leik er: „Þegar þér hefur verið heilsað verður þú að halda áfram og heilsa að minnsta kosti fjórum öðrum á sama hátt.“ Næst sýnirðu nemendum gamaldags leið til að heilsa með því að velja einn nemanda og heilsa honum á þann hátt. Þú getur síðan sýnt nútímalegri leið til að heilsa á sama hátt.

Biddu börnin að heilsa hvert öðru og um leið hugleiða hvernig þessar kveðjur eru ólíkar. Spyrðu þau síðan út í kveðjur í þeirra landi eða menningu. Hvernig heilsa þau ömmu sinni og afa, foreldrum sínum eða vinum? Geta þau fundið eitthvað sameiginlegt með gömlum og nýju leiðum til að heilsast, eða í kveðjum frá mismunandi löndum eða menningarheimum?

Eitt verkefni gæti verið þannig að börnin þurfa að heilsa að minnsta kosti fjórum nemendum með einni af þessum mismunandi kveðjum á hverjum morgni í viku.

1.2 Kveðjur á korti

Núna þegar nemendur eru búnir að kynnst kveðjum frá mismunandi tímum, löndum og menningarheimum skaltu skoða kort af heiminum með bekknum og skoða hvaðan mismunandi kveðjur koma. Það er hægt að gera þetta bæði eftir mismunandi löndum og eftir mismunandi menningarheimum. Merkið við eða skrifið niður hvern stað.

Skiptu börnunum upp í hópa til að ræða saman og láttu þau skrifa niður það sem þau vita um þessa staði.

Hvettu börnin til þess að ræða um og taka eftir öllu sem þau halda um löndin, vita eða telja sig vita um þau, þar með talið um eigið land. Ef þau eiga í erfiðleikum með þetta verkefni skaltu reyna að spyrja þau um tungumál, mat eða tónlist.

Spyrðu þau hvort þau þekki einhvern frá þessum

löndum eða hvort þau hafi jafnvel verið þar sjálf. Taktu niður minnispunkta og geymdu til síðari nota.

1.3 Tónlist frá ýmsum heimshornum

Veldu eitt af því landi eða menningu sem þið hafið rætt. Settu þjóðlagatónlist á og fáðu nemendur til að túlka hana með því að teikna hana, lýsa henni, smella í takt við hana eða dansa við hana. Að laginu loknu skaltu spyrja nemendurna eftirfarandi spurninga:

Hvaða tilfinningar koma upp við að hlusta á lagið?

Hvaða litur finnst ykkur passa best við lagið?

Ef þið mynduð ímynda ykkur að lagið væri dýr, hvaða dýr væri það?

Þegar þið hafið hlustað á tónlistina skaltu biðja nemendur að giska á hvaðan tónlistin kemur og finna síðan á heimskortinu rétt land eða menningarheim af þeim sem þeir hafa lært um hingað til. Þetta ferli er hægt að endurtaka með fleiri lögum úr þjóðlagatónlist og síðan nútímatónlist.

Endurtaktu þetta ferli með þjóðlagatónlist og nútímatónlist frá svæðinu sem þú ert á.

Skiptu nemendum í litla hópa og biddu þá um að finna hliðstæður á milli þjóðlagatónlistar úr eigin menningu eða frá þeirra heimalandi og samtímatónlistar frá þeirra svæði. Biddu nemendurna síðan um að gera það sama fyrir hin lögin sem þeir hafa hlustað á. Að lokum skaltu biðja nemendur um að finna hliðstæður á milli þjóðlagatónlistarinnar frá þeirra heimalandi og nýju laganna sem þeir hafa hlustað á.

Þú getur rætt um þessi verkefni við tónlistarkennara sem þú þekkir og sem aukaverkefni gætu þeir samið texta við lag og jafnvel búið til tónlist í tónlistartíma.

1.4 Matur frá ýmsum heimshornum

Skiptu nemendum í litla hópá þar sem þeir ræða um hvað þeir borða venjulega í morgunmat. Þú getur síðan beðið einn nemanda um að segja frá því hvað allir borða og þannig skapað umræður í bekknum.

Gerðu lista yfir matinn og spyrðu nemendur hvort þeir kunni að búa til alla þessa rétti. Biddu þá um að skrifa niður uppskriftir að öllum réttunum sem þeir kunna að búa til fyrir morgunmat. Festu uppskriftirnar upp á vegg og gerðu afrit af þeim fyrir alla nemendur.

Kynntu vinsæla morgunverði frá þeim löndum sem hafa þegar verið kynnt í tíma.

Hugsanlega er hægt að skipuleggja matreiðslunámskeið þar sem nemendur geta útbúið morgunverð og síðan borðað hann. Hafðu uppskriftina til sýnis í kennslustofunni eins og hinar uppskriftirnar og láttu alla nemendur fá eintak af henni.

Þú gætir skipulagt heimavinnuverkefni þar sem nemendur útbúa einn af morgunverðunum fyrir fjölskyldu sína. Athugaðu þó að ekki er víst að allar fjölskyldur hafi efni á því. Í staðinn væri hægt að

elda saman í kennslustofunni.

1.5 Leikir frá ýmsum heimshornum

Kynntu leiki frá mismunandi löndum og menningarheimum fyrir börnunum í litlum hópum. Hóparnir velja sér spil eða leik sem þeir fá 20 mínútur til að spila/leika, eftir það eru leikirnir látnir ganga á milli hópá.

Ef leikirnir eru útileikir skaltu reyna að skipuleggja kennslustundina þannig að þið getið verið úti í 20 mínútur fyrir eða eftir frímínútur og spilað leikinn saman. Á einhverjum tímamarki skaltu safna bekknum saman til að fara yfir reglur leikjanna og fara yfir hvernig þið spiluðuð leikina.

Spyrðu börnin hvort þessir leikir séu svipaðir öðrum leikjum sem þau hafa leikið áður.

Spyrðu þau hvað þeim fannst skemmtilegast við þessa leiki og hvað þeim fannst ekki eins skemmtilegt við leikina.

Biddu börnin, annað hvort í litlum hópum eða hvert fyrir sig, um að teikna eða skrifa niður leikreglurnar, eða að búa til sinn eigin leik sem svipar að einhverju leyti til leikjanna sem þau hafa nú þegar lært.

2. Verkefni til að hjálpa nemendum að skilja upplifun nýrra nemenda af nýju landi og nýjum skóla

2.1 Að læra nýtt tungumál

Láttu hvert barn fá vinnublað með texta á tungumáli sem það skilur ekki. Biddu þau um að svara nokkrum spurningum, til dæmis: „Hvað þýðir fyrsta setningin? Er hún spurning eða venjuleg setning?“ Gefðu þeim 10 mínútur til að klára þetta verkefni.

Í stað þess að láta nemendur fá texta á tungumáli sem þeir skilja ekki, geturðu gert vinnublað með

því að skrifa niður nokkrar setningar af handahófi og síðan snúið orðunum við: textmechanic.com/text-tools/obfuscation-tools/reverse-text-generator/.

Þegar nemendurnir hafa lokið við að svara spurningunum skaltu taka vinnublöðin til baka og gefa þeim endurgjöf. Skiptu bekknum í litla hópá og biddu nemendur um að velja fyrir sér ástæðum þess að þú lést þá vinna þetta verkefni með því að láta þá taka þátt í hópumræðum.

Biddu nemendur um að velta fyrir sér hvernig nýir nemendur sem tala ekki tungumálið upplifa það að koma í kennslustofuna.

Biddu nemendurna um að velta fyrir sér fleiri atriðum sem væru öðruvísi fyrir nýja nemendur í skólanum. Biddu bekkinn um að ræða þetta saman sem heild.

2.2 Hvað höfum við lært?

Núna skaltu taka minnispunktana sem börnin gerðu í verkefni 1.2 sem fjallaði um hvað þeim fannst um mismunandi lönd og menningu. Spyrðu nemendur núna hvað þeir hafa lært um

mismunandi lönd og menningu sem rímar við fyrri hugmyndir þeirra, og eins hvað er ólíkt með fyrri hugmyndum. Þetta gætu verið kveðjur, tungumál, leikir, matur eða tónlist.

Spyrðu nemendur hvort þeir telji að nýir nemendur sem koma í bekkinn hafi fyrir fram gefnar hugmyndir um hvernig nýja landið og nýi bekkurinn gætu verið.

Að lokum skaltu biðja börnin um að skipta sér í litla hópa og skrifa leiðarvísi um landið sitt og bekkinn fyrir nýja nemendur og fjölskyldur. Það væri hægt að gefa öllum nýjum fjölskyldum í skólanum þennan leiðarvísi.

3. Verkefni til að skapa friðsælt og uppbyggilegt námsumhverfi fyrir alla

3.1 Að finna frið í mér

Fáðu nemendur til að hugsa um tímabil þar sem þeir voru leiðir, reiðir, pirraðir eða svekktir.

Hafðu í huga að svona getur nýjum nemendum liðið þegar þeir eru að læra nýja hluti um bekkinn sinn og landið.

Búðu til lista af aðferðum sem nemendur geta sjálfir notað til að finna fyrir ró og vinna úr tilfinningum sínum. Hægt er að skrifa þessar aðferðir á veggspjald og hengja þær á áberandi stað í stofunni.

3.2 Að búa til reglur fyrir kennslustofuna

Fáðu nemendur til að búa til reglur fyrir kennslustofuna. Þetta er hægt að gera annað hvort bekkurinn sem heild eða í minni hópum. Hvettu nemendurna til að finna reglur sem geta gagnast öllum, líka nýjum nemendum í bekknum.

Þegar búið er að búa til allar reglurnar skuluð þið skrifa þær niður á veggspjald og hengja það upp og hafa reglurnar í kennslustofunni allt árið um kring. Hvettu síðan börnin til að vísa til reglnanna yfir daginn.

Frekara kennsluefni má nálgast hér: [unhcr.org/teaching-about-refugees](https://www.unhcr.org/teaching-about-refugees)

Developed by Mialy Dermish.
Contributions to lesson plans on diversity in the classroom by
Alain Uwumugambi, Niala Khalil and Hibatillah Ibrahim.

©2023 UNHCR